

Framtíðarfræði U3A

Hjá mér hefur vaknað hugmynd um að innan U3A Reykjavík verði hópur sem leggi stund á framtíðarfræði og hafi meðal annars það hlutverk að vinna að og setja fram framtíðarsýn um stöðu fólks á þriðja æviskeiðinu árið 2030 (svo hugmynd um ártal sé varpað fram).

Hugmyndin varð til eitt sinn þegar ég var nýkomin af fundi hjá Framtíðarsetri Íslands og fréttir um vinnumarkað og lífeyrismál bar hæst í fjölmiðlum. Eftir því sem ég verð eldri hef ég meiri áhuga á og skoðun hvernig framtíðin verður. Ég get valið um að vera áhorfandi og taka því sem að höndum ber eða vera virk og hafa áhrif.

Eitt tæki til að hafa áhrif eru framtíðarfræði þau eru aðferði sem hægt er að beita til að greina á kerfisbundinn hátt hugsanlegar birtingarmyndir framtíðar. Tilgangurinn er að sannreyna hugsanlegar birtingarmyndir meðal annar stil að geta tekið betri ákvarðanir um stefnur, markmið og leiðir. Við getum ekki stýrt þróun en við getum haft áhrif.

Framtíðarfræði eru stunduð í mörgum löndum á mörgum sviðum. Hér á landi hafa verið gerðar spár með aðferðum framtíðarfræða um þróun búsetu og ferðaþjónustu fram til 2030. Innan Viðskiptaráðs er framtíðarhópur starfandi (e. future research or foresight). Sjá skýrslu frá 2006, Ísland 2015. Einnig Leiðin að aukinni hagsæld, sem er uppfærsla á svonefndri MacKinsey & Company skýrslu frá árinu 2012. Sviðsmyndir og áhættugreining sett fram og reynt að gera sér grein fyrir hverjar afleiðingar verða og hvort hægt sé að bregðast við til að draga úr skaðlegum áhrifum.

Ég hef komið að pælingum um framsýni á alþjóðlegum vettvangi, ásamt Hans Kr. Guðmundssyni og Þorvaldi Finnbjörnssyni, auk þess að hafa verið virk í hópum hér á landi sem iðka fræðin. Ég er þess fullviss að innan U3A sé hæft og öflugt fólk sem hefur viljann til að spá fyrir um eigin framtíð og vera virkt í umræðu þar um.

Um sjálfa mig er það að segja að ég er rekstrarfræðingur með MBA og MPM gráðu frá HÍ. Ég hef unnið margvísleg störf, lengstum hjá ríki og bæ eða stofnunum þeirra. Nú er ég verkefnastjóri í byggðafestuverkefninu Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar. Í september skipti ég um vettvang og verð verkefnastjóri hjá Landskerfi bókasafna.

Erindið er annað en að leita mér að launaðri vinnu. Það er að skapa vettvang til að vera virk í umræðu til framtíðar.

Ég legg hugmyndina fram með von um að hægt verði að finna henni farveg innan U3A.

Með kveðju,
Eirný Vals
gsm 869 0746
eirnyvals@gmail.com